

Skólaráðsfundur 21. 09. 2024

Mættir: Bylgja skólastjóri, Kolbrún Ósk fulltrúi kennara, Embla Ósk fulltrúi nemendaráðs, Guðný Björg fulltrúi nemendaráðs, Ása Lilja fulltrúi foreldrafélags, Guðlaug Stefanía fulltrúi almenns starfsfólks, Elín Björg fulltrúi foreldra, Konný Hrund fulltrúi kennara, Margrét Böðvarsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins.

1. mál – hlutverk skólaráðs og áætlun

Nýtt skóladagatal sem var samþykkt sl. vor. Ein breyting á gulum degi 30. ágúst vegna Háskólalestarinnar, verður föstudaginn 6. 09. Skoða með grænan dag á skólasetningu fyrir næsta skóladagatal.

Vantar varamann fyrir fulltrúa grenndarsamfélags, lagt til að heyra í Sigurði Friðrikssyni rafvirkja. Vantar einnig varamann fyrir annan fulltrúa nemendaráðs, verður rætt á fyrsta fundi nemendaráðs.

Farið yfir starfsfólk skólans þetta skólaár.

Fundir skólaráðs á þessu skólaári:

- Fimmtudagur 17. október
- Fimmtudagur 16. janúar
- Fimmtudagur 20. mars
- Fimmtudagur 22. maí

2. mál – sjálfsmat Sandgerðisskóla

Farið yfir sjálfsmatsáætlun. Það sem við viljum bæta á þessu skólaári út frá skólapúlslinum er: færni í læsi, trú á eigin getu, sjálfsálit og vellíðan.

3. mál – starfsáætlun Sandgerðisskóla

Starfsáætlun er opinbert skjal á netinu, er uppfært á hverju skólaári.

Starfsáætlun unnin fyrir Suðurnesjabæ – sem fjárhagsáætlun er svo unnin eftir. Sagt frá helstu málum í þeirri áætlun.

4. mál – breyttir verkferlar varðandi skólasókn

Kynnt nýtt ferli varðandi skólasókn með það að markmiði að grípa fyrr inn í þegar upp kemur tilfelli um skólaforðunarvanda.

5. mál – foreldrafélagið

Foreldrafélagið stefnir á áframhaldandi vinnu og uppbyggingu. Seinasta skólaár gekk mjög vel. Halda sínu flotta striki áfram.

6. mál – nemendaráðið

Rætt um að koma sölu á skólapeysum og buxum mögulega af stað á þessu skólaári.

7. mál – önnur mál

Skólamatur verður greiddur af Suðurnesjabæ fyrir öll grunnskólabörn í bæjarfélaginu.

Nokkrar framkvæmdir eru enn í gangi í skólanum og verða eitthvað áfram.

Fundi slitið 10:06